



Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur
4. febrúar 2017

Ágætu nýsveinar og verðlaunahafar,
ráðherrar og borgarstjóri,
forystufólk Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík,
aðrir góðir gestir

Í ár fagnar Iðnaðarmannafélagið hundrað og fimmtíu ára afmæli. Fá félög í landinu hafa náð svo háum aldri. Tímamótanna hefur þegar verið minnst veglega. Snemma á síðustu öld gaf félagið þjóðinni styttuna góðu af Ingólfi Arnarsyni uppi á Arnarhóli. Í gær birti yfir Ingólfi; stjórn Iðnaðarmannafélagsins ákvað að setja upp lýsingu við styttuna og munum við nú geta notið hennar betur á vetrum og síðkvöldum. Sömuleiðis má nefna að hingað til lands komu fulltrúar iðnaðarmannafélaga annars staðar á Norðurlöndum enda hafa tengsl við þau ætíð verið sterk, ekki síst systurfélagið í Danmörku.

Þegar Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík var stofnað komu flestar nýjungar í verkmenntun þaðan. Og við megum ekki gleyma því hvernig var umhorfs hér í Reykjavík fyrir einni og hálfri öld. Við vorum langt á eftir flestum okkar grannþjóða í verklegri þekkingu og framkvæmdum. Langflestir landsmanna unnu við landbúnað sem hafði lítt breyst öldum saman, bændur við sjávarsíðuna drýgðu tekjur sínar með því að gera út opna báta á vertíðum. Einungis þrjú prósent Íslendinga bjuggu í bæjum og þorpum, aðrir til sveita.

En það var að birta til, ekki í þeim bókstaflega skilningi sem ég minntist á áðan þegar ég nefndi lýsingu Ingólfs, heldur var samfélagið að breytast til betri vegar. Hinn 3. febrúar 1867 stofnaði 31 iðnaðarmaður Handverksiðnaðarmannafélagið í Reykjavík og um sex árum síðar var nafni þess breytt í það sem við nú þekkjum. Oft er sagt að um þessar mundir, kringum árið 1870, hafi mátt greina kaflaskil á Íslandi. Næstu áratugi skiptust á skin og skúrir. Við munum annars vegar harðindi og flutning þúsunda til Vesturheims í leit að

betra lífi, en líka framfarir á ýmsum sviðum. Brýr voru byggðar, í sjávarútvegi varð vélvæðing, í raun okkar iðnbylting. Reykjavík fékk alvöru bæjarbrag og þegar ný öld gekk í garð gátu Íslendingar leyft sér að horfa bjartsýnir fram á veg.

Iðnaðarmenn gegndu mikilvægu hlutverki í þessari framfarasögu. Sem fyrr sóttu þeir einatt menntun sína út fyrir landsteinana og leituðu þá einkum til Danmerkur. Smám saman skapaðist þó góður þekkingarbrunnur hér heima og Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík lét víða til sín taka. Það stóð að stofnun Iðnskólans í Reykjavík, hélt fyrstu iðnsýninguna í landinu og kom með virkum hætti að því að Iðnaðarbanki Íslands tók til starfa. Og ekki má gleyma því að félagið reisti Iðnó – húsið veglega hér við Vonarstræti – skömmu fyrir aldamótin 1900.

Öll er þessi saga merk. Hún hefur verið sögð að mörgu leyti en fagnaðarefni er að tímamótanna miklu í ár verður líka minnst með gerð heimildamyndar um félagið.

Góðir áheyrendur! Ég fagna því að vera hér með ykkur í dag á nýsveina- og afmælishátíð. Við erum í raun að fagna mikilvægi menntunar. Menntun snýst um það að gera hlutina vel, að standa sig, sýna metnað. Takið eftir hvað þessi orð eru keimlík, menntun og metnaður. Hér höfum við afhent viðurkenningar fólki sem hefur skarað fram úr og um leið erum við að minna á mikilvægi iðnmenntunar í samfélaginu. Hvar værum við án iðnaðarmanna? Við skulum reyna að ímynda okkar það. Í því samfélagi myndum við reyna að komast af án þess að fólk væri í kringum okkar sem hefði lagt stund á nám í eftirfarandi greinum – og er listinn ekki endilega tæmandi þótt nú hefjist dálítið langur lestur:

Almenn ljósmyndun • Bakaraiðn • Bifreiðasmíði • Bifvélavirkjun • Bílamálun • Blikksmíði • Bókband • Feldskurður • Flugvélavirkjun • Framreiðsluiðn • Glerslípun og speglagerð • Gull- og silfursmíði • Hattasaumur • Hársnyrtiðn • Hljóðfærasmíði • Húsasmíði • Húsgagnabólstrun • Húsgagnasmíði • Kjólasaumur • Kjötiðn • Klæðskurður karla • Klæðskurður kvenna • Kæli- og frystivélavirkjun • Kökugerð • Leturgröftur • Ljósmyndun • Matreiðsla • Málaraiðn • Málmsteypa • Málmsuða • Mjólkuriðn • Mótasmíði • Múraraiðn • Myndskurður • Netagerð • Persónuljósmyndun • Pípulagnir • Prentsmíð • Prentun • Rafeindavirkjun • Rafveituvirkjun • Rafvélavirkjun • Rafvirkjun • Rennismíði • Símsmíði • Skipa- og bátasmíði • Skósmíðaiðn • Skósmíði • Skóviðgerð • Skrúðgarðyrkja • Snyrtifræði • Stálskipasmíði • Stálsmíði • Stálvirkjasmíði • Steinsmíði • Söðlasmíði • Tannsmíði • Úrsmíði • Veggfóðrun • Vélvirkjun.

Já, kæru áheyrendur. Samfélag án þeirra sem lært hafa þessar iðngreinar væri fátækt samfélag, óvirkt samfélag, ómenntað samfélag.

Ég óska Iðnaðarmannafélaginu, nýsveinum og ykkur öllum hjartanlega til hamingju með afmælið og mikinn áfanga sem við fögnum nú saman í dag.